

Kjarvalsstaðir verða til prýði

4000 borgarbúar skoðuðu þar Kjarvalsmyndir á sunnudag

ÞEGAR Jóhannes S. Kjarval tók fyrstu skóflustunguna að Kjarvalsstöðum, hinu nýja og glæsilega myndlistarhúsi Reykjavíkurborgar, í tilefni af 180 ára afmæli Reykjavíkurborgar, sagði Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri í ávarpi, að þó engin önnur hátíðahöld yrðu á þessu afmæli borgarinnar myndi síðar talið að þessa afmælis hefði verið minnst með óvenjulegum hætti. En ákvörðunin um að Kjarval reisti þarna myndlistarhús hafði verið tekin á áttæðisafmæli listamannsins árið áður.

Sl. laugardag var þetta myndlistarhús tilbúið og formlega opnað af Birgi Ísl. Gunnarssyni, borgarstjóra, að viðstöddum forseta Íslands og forsetafrú, menntamálaráðherra og frú hans, borgarfulltrúum, listamönnum, dóttur Kjarvals og öðrum ættingjum og fleiri gestum. Er opunnarræða borgarstjóra birt hér í blaðinu. Einnig ávarp Hannesar Davíðssonar arkitekts hússins, forseta Bandalags ísl. listamanna.

Um leið opnaði borgarstjóri sýningar þær á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, sem eru í báðum hinum stóru sölum hússins. Á sunnudag komu 4000 til að skoða sýninguna. Í austurálmunni, þar sem er Kjarvalssalur, eru verk Kjarvals, sem Reykjavíkurborg hefur eignast á undanförunum árum, þar á meðal myndir þær, sem listamaðurinn ánaðnaði Reykjavíkurborg áður en hann lézt. Um þær segir Halldór Laxness m.a. í grein um listamanninn í myndaskrá: „Ánægjulegt er að taka fram að í þessu takmarkaða safni, sem borgin hefur eignast og nú er til sýnis opin-

berlega, hefur ekki allfáum hinna smágerðu, hálistrænu verka meistarans verið bjargað frá eyðileggingu. Ýmsar þær myndir, sem höfðu orðið harð-

borgarstofnunum, m. a. stærsta myndin, Kritik, sem var í orkuverinu við Sog.

Í vesturálmunni eru verk Kjarvals, sem fengin hafa verið



Kjarval tekur fyrstu skóflustunguna að Kjarvalsstöðum 1966. Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, flutti ávarp.

ast úti, sumpart af mannavöldum, sumpart af tímans tönn hafa nú fengið viðgerð af natni og nákvæmni hjá amerísk-ítölskum listamanni, sem að auki er alþjóðlega kunnur sérfræðingur í viðgerð listaverka, Frank Ponzi. Þessar myndir hafa að því ég best veit ekki áður verið sýndar opinberlega og í rauninni ekki verið athugaðar af fróðum mönnum.“ Þarna eru mörg stór málverk, sem hingað till hafa verið geymd í ýmsum

að láni frá einkaaðilum, en sá salur verður leigður út fyrir sýningar. Og á veggjum í anddyri eru ljósmyndir af meistaranum ásamt höggmyndum Ásmundar Sveinssonar, Sigurjóns Ólafssonar og Guðmundar Benediktssonar. Þarna er líka í glerkassa gjöf, tveir munir, sem borgarstjóri tilkynnti að borizt hefði borginni frá Karitas Bjargmundsdóttur. Er annar leirdiskur sá, sem Kjarval gerði 1918 í tilefni af fullveldi Íslands. Hinn er blágrýtissteinn egglaða, er Karitas fann í Fossvogi 1937 og sem lögunar sinnar vegna hreif listamanninn, sem myndskreytti hann. Eru sýningar opnar almenningi kl. 16—22 daglega, nema mánudaga, og kl. 14—22 sunnudaga.

Sýningar þessar eru í góðu samræmi við ályktun borgarráðs á áttæðisafmæli Kjarvals 14. október 1965, þar sem m. a. segir:

„Borgarráð samþykkir að Reykjavíkurborg gangist fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna skv. nánara samkomulagi við myndlistarmenn (vestari byggingin ásamt tengibyggingu) og standi fyrir byggingu sýningarhúss, sem sérstaklega verði ætlað til sýninga á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, eystri byggingin og verði byggingarnar tengdar nafni hans.“

Þegar borgarstjóri tilkynnti þetta, sagði hann m. a.:



Borgarstjóri, Birgir Ísl. Gunnarsson, forseti Íslands, hr. Kristján Eldjárn, frúr þeirra og Hannes Davíðsson, formaður Bandalags listamanna skoða myndlistarsýninguna.

skjól og stuðningur til vaxtar og þroska. Þeir Kjarvalsstaðir, sem hér munu rísa, á Miklatúni, andspænis minnismerki Einar Benediktssonar, munu verða til prýði.“

Hinn 5. apríl 1968 var undirritaður við Dagfara st. samningur um byggingu hússins, samkvæmt teikningu Hannesar Davíðssonar arkitekts og hófust framkvæmdir eftir miðjan apríl 1968. Lokið var að steypa húsið og reisa þakgrind 27. september 1969 og hefur síðan verið unnið að því að fullgera það. Á byggingartímanum hefur húsið verið lánað til listsýninga bæði á Listahátíð 1970 og 1972, svo og nokkrum sinnum til samkomuhalds. Stærð þess er 2100 fm á jarðhæð og flatarmál húsgarðs 672 fm. Gerð myndlistarhússins er í aðalatriðum á þessa leið: Salarveggir eru úr járnbenntri steinsteypu. Innri byrði er hörstrigi, óbleiktur. Veggir í álmu að Flóakagötu eru úr timbri, klæddir að utan veðurþolnu stáli. Þök, sem öll eru borin af steinsteypum súlum, eru úr stálbitum og plötum. Einnig er fraudgler. Regnvörn er asfaltþappi. Gólf aðalsalar eru lögð eikarstofum, en hlíðarsalar og húsgarðs lagðir grásteinsflögum. Opn-



Ættingjar Kjarvals voru viðstaðir opnun Kjarvalsstaða. Lengst til vinstri er dóttir hans, Ása Lökken Kjarval.



Gestir við opnun myndlistarhússins þágu veitingar og litlir gestir úr nágrenninu nutu góðs af því gluggadyr voru opnar út í garðinn.